

# FRÉTTABRÉF VEIÐIFÉLAGS JÖKLU

## Pistill formanns

Starfsemi veiðifélagsins síðasta árið hefur verið svipuð og vanalega. Félagið stóð fyrir tiltekta degi 9. júlí og naut liðstyrks sjálfboðaliða frá SEEDS. Endað var með grilli í Hálsakoti. Í ár verður tiltekt laugardaginn 8. júlí og samvera við Hálsakot í lokin. Það er mikilvægt að hafa umhverfi árinna snyrtilegt og huga að merkingum, veiðislóðum og -stígum og sú ábyrgð hvílir á hverjum landeiganda ekki síður en félaginu.

Á aðalfundi var samþykkt að greiða áfram 70% af leigugjaldi í arð til veiðiréttarhafa og munu þær krónur, sem duga orðið fyrir meiru en pulsu og kók, skila sér fyrir árslok.

Sumarið 2022 var gott veiðisumar og hefur veiði í sjálfri Jöklu sjaldan verið meiri. Vatnsleysi í Kaldá og Laxá leiddi þó til lítillar veiði í þverám eftir að yfirfallið kom í lok ágúst en það hélst til loka veiðitímans. Alls veiddust rúmlega 800 laxar á veiðisvæðinu. Silungsveiði var svipuð og árin á undan. Veiðileyfi seldust vel og nýtt fyrirkomulag, með ána alla sem eitt svæði og 8 stangir allt niður undir Kaldá, kom ágætlega út. Hólaflúð og Húsármót voru aflahæstu veiðistaðir sem fyrr og veiði jókst aftur á

Laxár- og Fossársvæðum. Um 34 þúsund eins árs seiðum var sleppt í Jöklu en 40 þúsund gönguseiðum í þverár. Er það í samræmi við breyttar áherslur til að tryggja veiði í þveránum þegar yfirfall hindrar veiði í Jöklu. Seiðarannsóknir sýna að náttúruleg hrygning í Jöklu fer vaxandi og seiðin dafna vel svo að óhætt er að draga úr seiðasleppingum í hana.

Leigutaki hefur staðið í stórframkvæmdum við Hálsakot til að bæta aðstöðuna. Er þeim að mestu lokið og aðbúnaður veiðimanna og starfsfólks orðinn til fyrirmyndar.

Í desember náðist samkomulag um rannsóknir vegna búsvæðamats og rannsókna á botnngerð og mun Landsvirkjun kosta þær en sérfræðingar hjá Haf og vatn vinna matið. Verðmæti samningsins er um 8-9 m.kr. Stefnt er á að búsvæðamatið liggi fyrir árið 2025 en það er mikilvæg forsenda þess að uppfæra arðskrá enda voru 20% af stigum við útreikning arðskrár skilin eftir fyrir það.

Ég vil að lokum þakka stjórn, veiðiréttarhöfum, leigutaka og öðrum fyrir gott samstarf. Á þeim 16 árum sem liðin eru frá virkjun árinna hefur tekist að byggja upp veiðistofn í ánni og setja reglur um skiptingu leigutekna með arðskrá. Veiðin eykst ár frá ári og veiðifélagið er skuldlaust og rekstur í jafnvægi. Vonandi stefna allir að sama marki sem hagsmuna eiga að gæta varðandi framtíðaruppbyggingu og nýtingu Jöklu sem stoðar til framtíðar byggðar í sveitinni okkar.

*Þorvaldur P. Hjarðar, formaður stjórnar*



Fyrsti lax sumarsins 2023 úr Jöklu, 85 sm hængur sem tók Black Sheep hjá Neil Robertson í Skipalág að morgni 25. júní. Ljósm. Pröstur Elliðason.

# Frá aðalfundi veiðifélagsins 2023

Aðalfundur Veiðifélags Jökulsár á Dal fyrir árið 2023 var haldinn á Skjöldólfsstöðum 29. apríl. Aðalfundinn sóttu um sextán manns að gestum meðtöldum. Fundarmenn fóru með atkvæðisrétt 21 veiðiréttarhafa af 74 og þar af voru skrifleg umboð 11.

Helstu niðurstöðutölur ársreiknings 2022:

|                   |               |
|-------------------|---------------|
| Tekjur            | 9.814.415 kr. |
| Gjöld             | 7.552.308 kr. |
| Fjármagnsliðir    | 65.438 kr.    |
| Rekstrarafgangur  | 2.327.545 kr. |
| Eigið fé í árslok | 7.294.879 kr. |

Arðgreiðsla vegna ársins 2022 nam 70% af leigutekjum. Á aðalfundinum var samþykkt að halda því hlutfalli fyrir árið 2023 enda

leigutekjur tvöfaldast milli ára í samræmi við samning.

Kosið var um tvö sæti í stjórn. Gáfu bæði Skúli Björn og Gestur kost á sér til endurkjörs og önnur framboð voru engin. Varamenn til eins árs voru endurkosnir: Agnar Benediktsson (1.), Þorsteinn P. Gústafsson (2.) og Stefanía Karlsdóttir (3.). Litlar breytingar urðu á nefndaskipan, nema í kjörbréfanefnd og skoðunarmenn voru endurkjörnir.

Meðal gesta fundarins var Gunnar Örn Petersen, frkvstj. Landssambands veiðifélaga sem kynnti starfsemi sambandsins fyrir fundarmönnum og nýtt minnisblað um laga-umhverfi veiðifélaga.

Fundargerð og ársreikning er hægt að skoða á heimasíðu félagsins, [www.jokla.org](http://www.jokla.org).

## Laxveiðin og seiðasleppingar 2006-2022

| Ár   | Laxveiði Jökla | Laxveiði Laxá | Laxveiði Kaldá | Laxveiði Fögrh.á | Laxveiði Alls | Fjöldi gönguseiða | Sumaralín smáseiði | 1 árs smáseiði |
|------|----------------|---------------|----------------|------------------|---------------|-------------------|--------------------|----------------|
| 2006 |                |               |                |                  | 0             | 4.000             |                    |                |
| 2007 | 12             | 15            | 75             | 20               | 122           | 40.000            |                    |                |
| 2008 | 56             | 48            | 59             | 22               | 185           | 41.000            | 7.000              |                |
| 2009 | 35             | 128           | 93             | 63               | 319           | 42.700            | 42.000             |                |
| 2010 | 96             | 91            | 118            | 44               | 349           | 67.000            | 25.550             | 35.000         |
| 2011 | 293            | 83            | 131            | 58               | 565           | 55.800            | 27.050             | 6.600          |
| 2012 | 177            | 40            | 121            | 49               | 387           | 66.100            |                    | 22.500         |
| 2013 | 282            | 48            | 55             | 26               | 411           | 68.000            |                    | 38.000         |
| 2014 | 186            | 36            | 50             | 34               | 306           | 69.500            | 44.000             | 21.000         |
| 2015 | 605            | 61            | 65             | 85               | 816           | 26.000            | 23.500             | 41.600         |
| 2016 | 372            | 30            | 82             | 100              | 584           | 33.650            |                    | 49.000         |
| 2017 | 250            | 29            | 37             | 34               | 350           | 28.200            | 52.400             | 61.050         |
| 2018 | 410            | 73            | 31             | 14               | 528           | 23.000            |                    | 105.600        |
| 2019 | 311            | 54            | 16             | 13               | 394           | 27.000            |                    | 93.000         |
| 2020 | 824            | 23            | 13             | 10               | 870           | 24.000            |                    | 51.200         |
| 2021 | 504            | 19            | 12             | 8                | 543           | 36.500            |                    | 55.235         |
| 2022 | 764            | 17            | 18             | 3                | 802           | 40.000            |                    | 34.200         |
| Alls | 5177           | 795           | 976            | 583              | 7531          | 692.450           | 221.500            | 613.985        |

## Styrkveitingar

Veiðifélagið fær engan styrk úr Fiskræktarsjóði í ár en þar sem lítið var sótt um styrki á síðasta ári er enn til fé til framkvæmda. Hámarksupphæð sem hægt er að sækja um í slóðagerð eða aðrar umbætur er 200.000 kr. en hærri fjárhæð verður veitt til sértækra verkefna. Þeir sem hyggja á framkvæmdir eru beðnir um að fylla út þar að lútandi eyðublað sem er á [www.jokla.org](http://www.jokla.org) og senda til Höllu gjaldkera. Mikilvægt er að sótt sé um styrki áður en farið er í framkvæmdir. Hægt er að sækja um styrki fram til 20. ágúst. Stjórn mun taka umsóknir fyrir jafnóðum og þær berast og hafa til hliðsjónar forgangslista sem unninn er í samráði við leigutaka. Eftirfarandi verklagsreglur gilda:

1. **Hverjir geta sótt um styrk?** Veiðiréttarhafar við Jökulsá á Dal geta sótt um styrki til félagsins til að bæta aðgengi að veiðistöðum fyrir sínu landi.
2. **Hvað er styrkt?** Styrkir eru veittir til slóða- og stígagerðar auk merkinga. Mótframlag skal vera a.m.k. 50% af kostnaði og getur m.a. verið í formi vinnu manna og véla. Hafa skal samráð við stjórn félagsins og leigutaka um framkvæmdir.
3. **Hvernig er sótt um?** Sótt er um styrk á eyðublaði sem hægt er að sækja á [jokla.org](http://jokla.org).

Á því er framkvæmd lýst og sett fram kostnaðaráætlun. Umsókn þarf að berast stjórn áður en ráðist er í framkvæmdir því að komið getur til forgangsroðunar vegna takmarkaðs fjármagns.

4. **Hversu háir eru styrkir?** Fjárhæð styrkja getur verið breytileg milli ára og ákveður stjórn hámarksupphæð að vori og setur tímafrest fyrir umsóknir.
5. **Hvernig er greitt?** Greitt er eftir að framkvæmd er lokið. Skila þarf inn afritum af tímaskýrslum og reikningum sem sýna útlagðan kostnað og mótframlög ásamt stuttri skýrslu. Nálgast má eyðublað til skýrslugerðar á [jokla.org](http://jokla.org).

## Eitt svæði - 8 stangir

Leigutaki hefur undanfarin tvö ár unnið að stækkun og úrbótum í Hálsakoti. Aðbúnaður veiðimanna og starfsfólks hefur tekið stakkaskiptum og aðstaðan orðin til fyrirmyndar. Uppskipting árinna í veiðisvæði breyttist árið 2022 þannig að Jökla er eitt veiðisvæði frá Tregluhyl við Hákonarstaði og niður að Skipalág við Hallgeirsstaði, ásamt Laxá og Kaldá. Leyfðar eru 6-8 stangir en þeim gæti fjölgað. Þegar yfirfall kemur bætist Fögruhlíðará við veiðisvæðið. En fram að því eru Fögruhlíðará og neðsti hluti Jöklu, neðan Skipalágar, veiðisvæði sem selt er sérstaklega.



### Ódýr veiðileyfi fyrir veiðiréttarhafa

Í leigusamningi veiðifélagsins við Strengi er ákvæði um það að veiðiréttarhafar skuli eiga þess kost að kaupa veiðileyfi á verði sem nemur að hámarki 10% af markaðsverði. Leigutaka er heimilt að setja þá takmörkun á þessi leyfi að þau séu ekki seld með meira en 3ja daga fyrirvara og fjöldi stangardaga fyrir veiðiréttarhafa sem fara með eitt atkvæði sé ekki meira en 4 stangardagar. Stjórn félagsins hvetur menn til að nýta sér þetta, ekki síst til að kveikja áhuga yngri kynslóða á stangveiði. Áhugasamir snúa sér til Guðmundar veiðivarðar (s. 895-1677).

## Stjórn og nefndir Veidifélags Jöklu

### Stjórn:

**Þorvaldur P. Hjarðar**, Hjarðarhaga  
formaður. [hjardar@simnet.is](mailto:hjardar@simnet.is)  
s. 866-3237

**Skúli Björn Gunnarsson**, Litla-  
Bakka, ritari. [skulibg@simnet.is](mailto:skulibg@simnet.is)  
s. 860-2985

**Halla Eiríksdóttir**, Hákonarst. 3,  
gjaldkeri. [hallahakonar@gmail.com](mailto:hallahakonar@gmail.com)  
s. 865-0026

**Lárus Brynjar Dvalinsson**,  
Vörðubrún. [lallid@live.com](mailto:lallid@live.com)  
s. 860-2162

**Gestur Hallgrímsson**, Blöndubakka  
[blondub@simnet.is](mailto:blondub@simnet.is)  
s. 895-8929

### Varamenn:

**Agnar Benediktsson**, Hvanná II  
**Þorsteinn P. Gústafss.**, Geirast. 2  
**Stefanía Karlsdóttir**, Grund

### Skoðunarmenn:

**Sólrún Hauksdóttir**  
**Ragnar Antonsson**  
**Benedikt Arnórsson**, til vara

### Kjörbréfanefnd:

**Benedikt Arnórsson**, Hofteigi  
**Guðmundur Ólason**, Hrólfsst.  
**Þorsteinn P. Gústafss.**, Geirast. 2  
Varamenn:  
**Benedikt Ólason**, Gauksstöðum  
**Hallgrímur Þórhallsson**, Skriðukl.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður  
fréttabréfs og vefs: Skúli Björn.

**MUNUM** að rúllubaggaplast  
er bæði skaðlegt náttúrunni  
og ímynd veiðiár. **RÆKTUM**  
ána okkar líka með góðri  
umgengni og hirðusemi!

## Fréttir úr starfi félagsins

### Tiltekt og samvera laugardaginn 8. júlí

Stjórn veiðifélagsins hefur í samráði við leigutaka ákveðið að hafa tiltekt og grillsamveru laugardaginn 8. júlí. Veiðiréttarhafar eru hvattir til að nýta daginn til þess að huga að aðgengi veiðimanna á jörðum sínum og hreinsa rusl við ána þannig að Jökla sé öllum til sóma.

**Kl. 10.** Þeir sem hafa tök á mæta við Brúarás þar sem skipt verður liði. Æskilegt er að hafa meðferðis verkfæri til að laga stiga og gott að hafa kerrur og poka fyrir rusl. Þorvaldur stýrir aðgerðum.

**Kl. 15.** Samvera og snarl við veiðihúsið í Hálsakoti. Síðan verður haldið áfram að hreinsa og laga ef þarf.



### Lærið veiðileiðsögn

Eitt af því sem færir fjölskyldum við veiðiár tekjur er veiðileiðsögn sem er vel borguð sumarvinna. Þeim sem hafa áhuga á að kynna sér veiðileiðsögn er bent á að tala við Guðmund veiðivörð til að fá að fylgjast með vönum leiðsögumönnum og fá tilsögn um starfshætti.



### Vöntun á upplýsingum vegna arðgreiðslna

Uppsafnaður arður er geymdur á safnreikningi veiðifélagsins þar til rétthafi geri grein fyrir sér og skilar inn veiðigandi gögnum. Það skal áréttað að þar sem jarðir eru skráðar í eigu tveggja eða fleiri einstaklinga þarf að liggja fyrir skjal um hvernig arðgreiðslum skuli háttað og það undirritað af öllum landeigendum. Þetta á líka við um hjón og sambýlisfólk því að félagið þarf að standa skil á upplýsingum um arðgreiðslur til skattyfirvalda. Hægt er að sækja veiðigandi eyðublað á heimasíðu félagsins.



### Heimasíðan [www.jokla.org](http://www.jokla.org)

Vefslóð veiðifélagsins [www.jokla.org](http://www.jokla.org). Þar eru gögn aðgengileg og miðlað upplýsingum um starfsemi félagsins, rannsóknir og veiði.